

80. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn fimmtudaginn 23. maí 2013 kl.17:00 í félagsheimilinu Þórsveri á Þórshöfn.

Mætt eru: Siggeir Stefánsson, Steinunn Leósdóttir, Indriði Þóroddsson, Ólöf K. Arnmundsdóttir og Gunnólfur Lárusson sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerðar væru athugasemdir við fundarboð. Svo var ekki.

DAGSKRÁ:

1. Fundargerð sveitarstjórnar nr.79 (afgreiðsla á fyrsta lið í fundargerð USb nr.33 í áður sendum gögnum)

Lagt til að liður eitt í fundargerð usb verði afgreiddur á næsta sveitarstjórnarfundi sem verður 30 maí nk. sveitarstjóra falið að taka saman minnisblað. Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin lögð fram til kynningar

2. Fundargerð Nausts dags.15.05.2013

Kristín Thorberg kom inn á fundinn nokkur umræða fór um lið tvö í fundargerðinni sveitastjóra falið að skoða möguleika mótuneytis vegna Nausts ,GP og leikskólans fyrir næsta ár . Fundargerðin lögð fram til kynningar. Kristín vék af fundi.

3. Fundargerð Umhverfis-og skipulagsnefndar dags 21.05.2013

Lögð fram til kynningar.

4. Fundargerð Fræðslunefndar dags.15.05.2013

Liður þrjú og sex samþykktir samhljóða.

Aðrir liðir lagðir fram til kynningar.

5. Fundargerð nr.152 Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra.

Lögð fram til kynningar.

6. Skýrsla sveitarstjóra.

Sveitarstjóri flutti skýrslu sína og svaraði fyrirspurnum.,

Fundað með forstöðumönnum áhaldahúsi, hafnarinnar, Grunnskólans á Þórshöfn, forstöðumanni Nausts, slökkvistjóra ásamt eldvarnareftirlitsmanni. Fundað var vegna bygginu nýs leikskóla. Fundað með Sigurði hjá skólaþjónustunni og oddvita vegna þjónustusamnings. Fundaði í stjórn Nausts og með Umhverfis-og skipulagsnefnd. Fundaði með forstjóra Toppfisks. Átti símafund með framkvæmdarstjóra Samkaupa. Sveitarstjóri og oddviti tóku á móti ellefu manna hópi „þverhaus“.

Sveitarstjóri sagði frá því að hann hafi verið í bréfa og símasambandi við KEA þar sem hann hafi verið að óska eftir því að Bakkfirðingar fengu afsláttarkort hjá KEA eins og aðrir íbúar Langanesbyggðar og var eftirfarandi samþykkt.

Á aðalfundi KEA sem haldinn var 30. apríl sl. voru gerðar breytingar á samþykktum félagsins sem hafa í för með sér stækkun á félagssvæðinu og er það til komið vegna breytinga á skipan sveitarstjórnarmála hjá Bakkfirðingum. Félagssvæðið nær nú frá Fjallabyggð í

vestri, til og með Langanesbyggðar í austri og er tekið mið af sveitarfélagamörkum eins og þau eru árið 2013. Breytingin felur í sér að Bakkfirðingar geta nú gengið í KEA.

Sveitarstjóri sagði frá því að hann hafi verið í sambandi við Ingólf garðyrkjufraeðing vegna skruðgarðsins á Þórshöfn .

Sveitarstjóri lagði til að næsti sveitarstjórnarfundur verði 30 maí nk. og farið verði yfir viðhalds og verkefnaalista fyrir árið 2013 umfram það sem sett var á fjárhagsáætlun.

7. Bréf frá Vegagerðinni dags. 10.05.2013

Í bréfinu er Vegagerðin að úthluta Langanesbyggð 2,5 millj. í styrkvegi.

Bréfinu vísað til Landbúnaðarnefndar og Atvinnu-menningar og ferðamálanefndar.

8. Bréf frá Umhverfis-og auðlindaráðuneytinu dags.13.05.2013

Bréfinu vísað til USB..

9. Bréf frá Menningarráði dags. 29.04.2013

Bréfinu vísað til Atvinnu-,menningar-og ferðamálanefndar.

10. Gjaldskrá Slökkviliðs Langanesbyggðar

Gjaldskráin lögð fram og samþykkt samhljóða og sveitarstjóra falið að auglýsa hana í B-stjórnartíðindum.

11. Samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Langanesbyggðar, seinni umræða.

Samþykktin mikið rædd og vísað til næsta sveitarstjórnarfundar til afgreiðslu samþykkt samhljóða.

12. Erindisbréf nefnda í Langanesbyggð.

a. Umhverfis-og skipulagsnefnd.

Erindisbréfið samþykkt samhljóða með þeirri breytingu á bls.3 að fundarboð verði sólarhringur í stað tveggja sólarhringa og að nefndin fundi eigi sjaldnar en átta sinnum á ári.

b. Landbúnaðarnefnd

Erindisbréfið samþykkt samhljóða með þeirri breytingu á bls.2 að fundarboð verði sólarhringur í stað tveggja sólarhringa og nefndin fundi eigi sjaldnar en átta sinnum á ári.

c. Íþrótt-og tómstundanefnd

Erindisbréfið samþykkt samhljóða með þeirri breytingu á bls.2 að fundarboð verði sólarhringur í stað tveggja sólarhringa og nefndin fundi eigi sjaldnar en átta sinnum á ári.

d. Hafnarnefnd

Erindisbréfið samþykkt samhljóða með þeirri breytingu á bls.2 að fundarboð verði sólarhringur í stað tveggja sólarhringa og nefndin fundi eigi sjaldnar en sex sinnum á ári.

e. Fræðslunefnd

Erindisbréfið samþykkt samhljóða með þeirri breytingu á bls.3 að fundarboð verði sólarhringur í stað tveggja sólarhringa og nefndin fundi eigi sjaldnar en átta sinnum á ári.

f. Atvinnu- menningar- og ferðamálanefnd

Erindisbréfið samþykkt samhljóða með þeirri breytingu á bls.2 að fundarboð verði sólarhringur í stað tveggja sólarhringa og nefndin fundi eigi sjaldnar en átta sinnum á ári.

Erindisbréfin samþykkt samhljóða með þessum athugasemdum og sveitarstjóra falið að senda erindisbréfin á formenn nefnda.

Fundargerðin upplesin og samþykkt samhljóða fundi slitið kl.19:25